



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 30. maí 2012, kl 15.30. Haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma.

Mætt voru Albertína F. Elíasdóttir (í síma), Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson, auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Jón Jónsson boðaði forföll og vegna skamms fyrirvara um boðun fundarins tókst ekki að boða varamann hans.

1. Fundargerð, 18. maí 2012.

Fundargerð samþykkt með fyrirvara um breytingar sem kom fram á fundinum.

2. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, 8. júní 2012

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þann 8. júní n.k., fundurinn verður haldin á Hólmavík. Rætt um undirbúning fundarins, val á fulltrúa í stjórn og önnur atriði.

3. Ályktanir

a. Lokun starfsstöðva Landsbanka hf á Vestfjörðum

Landsbanki hf tilkynnti þann 24. maí s.l. um lokun starfsstöðva í Króksfjarðarnesi, Bíldudal, Flateyri og Súðavík. Rætt áhrif þessara ákvörðunar og viðbrögð við henni. Samþykkt ályktun sem send verður bankanum og stjórnvöldum og þingmönnum kjördæmisins. Framkvæmdastjóra jafnframt falið að leita samstarfs við Atvest um úttekt á fjármálastarfsemi á Vestfjörðum og hugsanlega möguleika á stofnun nýrrar fjármálastofnunar.

b. Ný framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar 18. maí 2012

Lögð fram tillaga að ályktun vegna áforma ríkisstjórnar um samgönguverkefni á Vestfjörðum í tengslum við framkvæmdaáætlun 2013-2015 er varðar Dýrafjarðargöng. Stjórn styður áform ríkisstjórnar enda eru þær í takt við áherslur FV og vísar þar til umsagnar FV til Alþingis um samgönguáætlun 2011-2022 m.a. um fullnaðarfjármögnun framkvæmda við Vestfjarðaveg 60 í Gufudalssveit.

4. Umsagnir til Alþingis

a. Þingsályktun samgöngumál í Árneshreppi, mál 815

Framkvæmdastjóri kynnti efni nýrrar þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi þann 25. maí s.l. um lagningu heilsársvegar í Árneshreppi.

Stjórn FV styður eindregið framkomna tillögu að þingsályktun og telur hana í fullu samræmi við stefnu Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum og mikið hagsmunamál fyrir byggð á Ströndum. Framkvæmdastjóra FV falið að rita umsögn til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis á grundvelli afstöðu stjórnar.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál komu fram og fundi slitið kl 16.45.